

Fylgiskjal með umsókn um starfsleyfi fyrir vinnslu brotamálma og flokkun, flutning og vinnslu spilliefna fyrir starfsemi Hringrásar á Akureyri, Ægisnesi 1, með tilvísun til 7.gr, reglugerðar 785/1999, laga nr. 55/2003, reglugerðar nr. 737/2003 og reglugerðar nr. 806/1999.

(a) Lýsing á atvinnurekstri, umfangi og uppdrættir af staðsetningu.

Ákveðið hefur verið að sækja um eitt starfleyfi sem gildir fyrir vinnslu brotamálma og leyfi til þess að flokka og undirbúa spilliefni til flutnings frá athafnasvæði Hringrásar á Akureyri.

Brotmálmar.

Á Akureyri verður móttaka og flokkun á brotamálmum, bílhræjum og góðmálmum (ál, ryðfrítt stál, eir og kopar) auk forvinnslu fyrir útflutning. Fyrirtækið hefur tekið á móti brotamálmum í móttökustöð við Krossanes á Akureyri í meira en 10 ár frá Akureyri og nágrannabyggðum/sveitum. Auk þess hefur efni komið frá Norðausturlandi.

Heildarmagn brotamálms er áætlað nálægt 3000 tonn/ár og eru bílhræ ca. 100-200 stk/ári. Af góðmálum (ál, ryðfrítt stál, eir og kopar) eru móttekin um 100-200 tonn/ár og ca. 500 tonn/ári af dekkjum. Góðmálmar eru flokkaðir og settir í gáma sem eru fluttir til Reykjavíkur til frekari vinnslu eða útskipunar. Gert er ráð fyrir um 8 – 10 ferðum með góðmálma á ári til Reykjavíkur. Brotamálmar eru flokkaðir til útflutnings, flokkarnir eru einkum þrír, en efnið er ýmist klippt og/eða pressað. Efnið er geymt á staðnum og skipað út u.þ.b. tvisvar á ári. Bílhræ eru hreinsuð af spilliefnum (vökvum tappað af og rafgeymar fjarlægðir) og dekk tekin undan og flokkuð sérstaklega. Bílhræin eru pressuð og fara þau þannig í einn af brotamálmsflokkunum sem fluttur er út.

Spilliefni.

Reiknað er með að als verði meðhöndluð um 200 tonn/ári af spilliefnum hjá fyrirtækinu á Akureyri. Hámarks magn sem geymt verði á svæðinu er áætlað u.þ.b. 40 tonn. Á þessu svæði verður einungis móttaka og flokkun fyrir flutning. Engin önnur meðhöndlun verður á svæðinu, en spilliefnin verða flutt til Reykjavíkur, þar sem frekari úrvinnsla fer fram. Öll meðhöndlun á Akureyri verður innandyrá í um 300 m² skemmu sem verið er að reisa þar. U.þ.b. 32 m² af skemmuni verður notaður fyrir flokkun og meðhöndlun spilliefna. Hinn hlutinn verður notaður fyrir móttöku á bílhræjum. Þar verða tæmdir allir vökvar af bílum með sérstökum sogbúnaði. Vökvar eru flokkaðir og komið í flutningsumbúðir og fluttir til Reykjavíkur með örðum spilliefnum. Spilliefnin eru flutt í viðurkenndum efnaflutningabíl fyrir spilliefni og er gert ráð fyrir um einni ferð á viku.

Meðfylgjandi eru uppdrættir sem sýna afstöðu lóðar og yfirlitsmyndir af skemmu og fyrirhuguðu skipulagi lóðarinnar.

(b) Deiliskipulag

Hjálagt er afrit af staðfestu Aðalskipulagi, 2005-2018, svæði merkt sem athafnasvæði og afrit af gildandi deiliskipulagi, samþykkt 24.júlí 2009.

(c) Staðhættir á vinnustað

Móttaka allra efna á svæðinu fer fram við innganginn á svæðið. Allt efni sem kemur inn á svæðið og fer út af því er skráð í móttöku- og birgðabókhald Hringrásar. Fyrirhuguð móttaka og meðhöndlun spilliefna mun fara fram í skemmu, sem nú eru í byggingu á athafnasvæðinu. Sjá nánar á meðfylgjandi teikningu. Núna er stept plan og gras í kringum móttökustöðina en allt svæðið í kringum verður malbikað í áföngum. Svæðið

verður með frárennsli (lagnir) sem tengt er við olúgildru (sjá meðfylgjandi teikningar). Meðferð olúgildra er í samræmi við leiðbeiningar Umhverfisstofnunar.

Móttaka spilliefna verður með sambærilegum hætti. Efnin verða skráð og flokkuð í birgðaskrá og flokkun og þökkun í flutningsumbúðir verður í skemmu í sérstöku rými (sjá meðfylgjandi teikningar). Það rými er tengt lokuðum tanki sem er tæmdur eftir þörfum. Hann er eingöngu hugsaður til þess að taka við leka ef óhöpp verða.

(d) Helstu hráefni og hjálparefni

Unnið verður í samræmi við stefnu stjórnvalda hvað varðar aukna endurnýtingu úrgangsefna. Hringrás mun markvist vinna að nýtingu úrgangs. Þar sem endurvinnsla- eða endurnýtingarmöguleiki er fyrir hendi verður úrgangi komið til skila í slíka vinnslu ef kostur er. Að öllu leyti verður farið að þeim lögum og reglugerðum sem í gildi eru um starfsemi sem þessa.

Tekið er á móti öllum gerðum af brotamálmum það flokkað og forunnið og komið í endurvinnslu.

Ekki þarf að nota nein hjálparefni við þessa vinnslu, önnur en olfu og viðhaldsefni fyrir vinnslutæki.

Hringrás fyrirhugar að taka á móti spilliefnum frá almenningi og fyrirtækjum flokka og senda þau áfram til úrvinnslu í spilliefnamóttök Hringrásar í Klettagörðum í Reykjavík.

Orkan sem notuð er á svæðinu er raforka og heitt vatn.

(e) Eðli og uppruni helstu mengunarvalda, lýsing á áhrifum

Hér í töflunni er stiklað á helstu mengunarvöldum sem eru á svæðinu og hugsanlegum áhrifum á losun út í umhverfið.

Efni	Hugsanleg losun	Afleiðingar losunar	Mengunarvarnir/ Athugasemdir
Úrgangsolía,	Úrgangsolía getur við óhapp komist í jarðveg. Olíurnar eru yfirleitt hásjóðandi og uppgufun því mjög lítil.	Mengaður jarðvegur sem þarf að eyða sem spilliefni.	Öl meðhöndlun á úrgangsolíu verður innadyra á lokuðu yfirborði. Afrennsli af gólfi fer í lokaðan tank sem tæmdur er með dælu eftir þörfum.
Smurolía, frostlögur, bremsuvökvi og aðrir vökvar af bílum.	Vökar geta lekið úr bílhræjum og mengað jarðveg og grunnvatn	Mengaður jarðvegur, mengað grunnvatn	Öll vinna við bílhræ verður á lokuðu yfirborði. Öllum vökvum er tappað í lokuð ílát. Ef óhapp verður er frárennsli tengt í olúgildru Þannig er tryggt að efninn berast ekki í jarðveg eða valdi vatnsmengun.
Sýrur og basar	Tankar geta lekið og mengað jarðveg og grunnvatn	Mengaður jarðvegur,	Öll vinna með sýrur og basa verður innadyra og lítil sem engin meðhöndlun önnur en þökkun fyrir flutning. Afrennsli af gólfi fer í lokaðan tank sem tæmdur er með dælu eftir þörfum.
Lífræn leysiefni	Ílát geta brotnað, lekið og valdið loftmengun, jarðvegs mengun vatnsmengun	Jarðvegsmengun, loftmengun, vatnsmengun	Öll vinna með efnin verður innadyra og lítil sem engin meðhöndlun önnur en þökkun fyrir flutning. Afrennsli af gólfi fer í lokaðan tank sem tæmdur er með dælu eftir þörfum.

Málningarefni	Ílát leka	Jarðvegsmengun, loftmengun, vatnsmengun	Öll vinna með efnin verður innadyra og lítil sem engin meðhöndlun önnur en þökkun fyrir flutning. Afrennsli af gólfi fer í lokaðan tank sem tæmdur er með dælu eftir þörfum.
Rafgeymar, geymasýra	Í frárennsli, leki í jarðveg	Jarðvegsmengun, grunnvatnsmengun, mengun í frárennsli	Öll vinna með efnin verður innadyra og lítil sem engin meðhöndlun önnur en þökkun fyrir flutning. Afrennsli af gólfi fer í lokaðan tank sem tæmdur er með dælu eftir þörfum.
Ymiss ólífræn efni, s.s. rannsóknarstofuefni og ýmiss ólífræn efni	Umbúðir leka	Jarðvegsmengun	Öll vinna með efnin verður innadyra og lítil sem engin meðhöndlun önnur en þökkun fyrir flutning. Afrennsli af gólfi fer í lokaðan tank sem tæmdur er með dælu eftir þörfum.

(f) Mengunarvarnir og aðgerðir til að hindra losun.

Öll meðhöndlun verðu innadyra. Frárennsli frá húsinu þar sem spilliefni verða meðhöndluð rennur í lokaða þró (2,9 m³). Sýnatökur og efnamælingar á frárennslisvatni verður hagað í samræmi við kröfur Umhverfisstofnunar. Söfnunarþró verða tæmdar eftir þörfum þannig að ætíð sé nægilegt rými í henni. Búnaðar og ídræg efni til hreinsunar á spilliefnum verður til reiðu. Komið verður í veg fyrir uppgufu efna með geymslu í lokuðum ílátum. Leitast verður við að halda magni spilliefna á svæðinu í lágmarki. Frágangur á tönkum fyrir eldfima vökva verður í samræmi við ákvæði um varnir gegn olíumengun og þær kröfur sem Umhverfisstofnun gerir. Rafgeymar sem tekið er á móti verða settir í vatnsheld plastkór strax við móttöku. Allir vökvar sem tappað er af bílhraejum verða geymdir í lokuðum ílátum og tryggt að slík efni safnist ekki upp í óeðlilegu magni á svæðinu. Jafnframt mun Hringrás leitast við að draga úr hávaða frá starfsseminni og fara að þeim mörkum sem sett verða. Eftirlitsaðilar munu fá niðurstöðu mælinga eins og óskað verður. Allt frárennsli sem að fer af svæðinu rennur í gegnum olúfugildrur, en tvær slíkar eru á svæðinu, 10 m³. Þriggja m³ sandföng eru við báðar gildrur.

(g) Aðgerðir til þess að fylgjast með losun

Hringrás mun kappkosta að draga sem mest úr því álagi sem starfsemin veldur, þ.m.t. varðandi starfshætti, efnisnotkun og meðferð frárennslis.

Eftirfarandi verklagslýsingar fyrir starfseminna hafa verið útbúnar:

- Móttöku, meðhöndlun og geymslu spilliefna.
- Móttöku, meðhöndlun og geymslu mjög hættulegra efna.
- Umgengni um búnað, þ.m.t. hreinsun á tækjum og búnaði.
- Eftirlit með mengunarvarnarbúnaði.
- Þjálfun nýrra starfsmanna.
- Skil á góðmálum
- Skil á bílum
- Skil á dekkjum
- Skil á brotamálmi
- Viðbrögð við umhverfisslysi
- Móttöku og meðhöndlun sprengiefna, skotfæra og skotelda.

Leitast verður við að hafa athafnasvæði Hringrásar snyrtilegt. Það er girt af með öryggisgirðingu. Farið verður þannig með allan úrgang, að tryggt sé að hann valdi hvergi óþrifnaði eða ónæði, svo sem með foki, ryki, ólykt eða hávaða.

(h) Innra eftirlit og aðgerðir til þess að fylgjast með losun

Hringrás mun hafa reglulegt eftirlit með umhverfis og rekstrarþáttum sem geta haft áhrif á mengun eða losun efna út í umhverfið, og munu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila. Hringrás mun senda ársyfirlit til Umhverfisstofnunar þar sem eftirfarandi upplýsingar verða.

- Magn og gerð spilliefna og annars úrgangs sem tekið er á móti og send frá fyrirtækinu.
- Upplýsingar um uppruna spilliefnanna og hvert þau eru send.
- Upplýsingar um magn spilliefna sem forunnin eru innan fyrirtækisins
- Rekstur frárennsliskerfis
- Öll mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim.

(i) Aðgerðir til þess að draga úr úrgangsmyndun, ásamt endurnýtingu

Hringrás hefur útbúið viðbragðsáætlanir til þess að taka á hugsanlegri hættu vegna bráðamengunar. Tryggt verður að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eiginleikum þeirra efna og hættu við meðferð þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi vera tiltækar. Hringrás færir grænt bókhald. Útbúin hefur verið neyðaráætlun um meðhöndlun úrgangs á þjónustusvæði Hringrásar til að fara eftir, ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri móttökustöðvarinnar. Hringrás mun ábyrgjast og kosta framkvæmd mælinga og fá til þess aðila sem Umhverfisstofnun samþykkir.

(j) Lýsing á tegund og magni úrgangs.

Við vinnsluna fellur alltaf til töluvert af örðum úrgangi en brotamálmum. Þessi úrgangur er að uppstöðu dekk, timbur, plast og svo spilliefni sem tengjast móttöku bílhræja. Magn þessa úrgangs er mjög breytilegt og er það sett í viðeigandi gáma og flokkað eftir mætti og því eytt á viðurkenndan hátt.

(k) Lýsing á öðrum ráðstöfunum.

Óskað er eftir heimild til að meðhöndla allt að 200 tonnum af hvers konar spilliefnum á ári auk annars úrgangs, svo sem:

- Sóttmengaður úrgangur
- Rafeindatæki/heimilistæki/ísskápar
- Hjólbarða

Hringrás hf. mun taka við spilliefnum ásamt öðrum úrgangi sem þarf sérstaka meðhöndlun frá einstaklingum og atvinnufyrirtækjum og sjá um að endurvinna eða eyða þeim á faglegan og öruggan hátt fyrir menn og náttúru.